

Leikskólinn Ákrar

Ársskýrsla skólaárið janúar – ágúst 2012



Sigrún Sigurðardóttir og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir

Nóvember 2012

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Mat á skólaári 2012	2
Þátttökuaðlögun.....	2
Deildastjórafundir	2
Deildarfundir	2
Morgunfundir	2
Starfsmannafundir	3
Nöfn á deildir	3
Nöfn á lautirnar.....	3
Ferilmöppur	3
Vinastund	3
Afmæli.....	3
Nýting á húsnæði og útisvæði.....	4
Kaffitímar	4
John Dewey	4
Barnahópurinn	5
Starfsmannahópurinn	5
Stefna í starfsmannamálum	6
Nýbreytni.....	7
Húsnæði og viðhald	7

Mat á skólaári 2012

Þátttökuaðlögun

Þátttökuaðlögun byggir á því að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi með dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum.

Það var strax ákveðið að í leikskólanum Ökrum yrðum við með þátttökuaðlögun. Starfsmenn höfðu ekki unnið með það áður þannig allir voru að fara gera eitthvað nýtt. Eftir að fyrstu börnin voru búin í aðlögun sáum við strax ýmiss atriðið sem þurfti að lagfæra. Upphaflega voru 10 börn í aðlögun inn á deild og var það allt of mikið og minnkuðum við það niður í 5 börn. (Það var ákveðið að minnast á það við foreldra að þeir héldu símanotkun í lágmarki). Eftir aðlögun í haust sáum við að það verða að vera tveir foreldrar með tveimur börnum eða sitthvor aðlögunartíminn og að láta eina viku líða á milli aðlagana þ.e.a.s. ef mörg börn eru að koma inn. Starfsmenn voru almennt ánægðir með þátttökuaðlögunina.

Deildastjórafundir

Ákveðið var að hafa deildarstjórafundi tvisvar í mánuði. Annan hvern föstudag. Það gekk ekkert alltof vel að halda þessari rútinu til að byrja með vegna manneklu og smá byrjunarerfileika. En það stendur allt til bóta.

Deildarfundir

Við settum okkur markmið með að hafa deildarfundir tvisvar í mánuði en það náðist ekki alveg í byrjun vegna aðlögunar barna og mannaráðninga. En við stefnum en að sama markmiði.

Morgunfundir

Það var ákveðið að hafa fundir strax á morgnanna (svokallaða 9 fundir) og var ákveðið að allir tækju þátt í því. Þeir voru settir upp þannig að einn starfsmaður af hverri deild kæmi á fimm mínútna fund þar sem farið væri yfir daginn. Það kom fljótlega í ljós að upplýsingarnar sem komu á fundinum voru ekki að skila sér til alls starfsfólks. Þá var ákveðið að til að byrja með færu bara deildarstjórar á þessa fundi. Síðan verður það endurskoðað.

Starfsmannafundir

Á síðust önn vorum við með tveggja tíma fundi einu sinni í mánuði og voru vikudagarnir sem þeir voru haldnir á rúllandi.

Nöfn á deildir

Til að byrja með voru deildirnar kallaðar deild 1, 2, 3 og 4 og vorum við meðvituð um að velja þyrfti nöfn sem fyrst. Það komu upp hugmyndir að þemum og var tekin ákvörðun að hafa náttúrulegt/villt/íslenskt þema (með skírskotun í gluggana). Við höfðum lokaðan kassa á kaffistofunni í nokkra daga og starfsfólk setti hugmyndir í hann og svo á skipulagsdeginum 13. febrúar voru allar hugmyndirnar lesnar upp og valin fimm pör af nöfnum. Nöfnin voru látin hanga uppi og eftir nokkra daga var kosið og voru nöfnin Mói, Lyng, Engi og Mýri valin.

Nöfn á lautirnar

Lautirnar eru sex, þrjár í hvorum hluta og var tekin ákvörðun um að finna nöfn á þær. Þau nöfn sem urðu fyrir valinu voru: Laut, Hellir og Hreiður og eru sömu nöfnin á lautunum báðum megin.

Ferilmöppur

Strax í upphafi hófst umræða hjá okkur starfsfólkinu um ferilmöppur fyrir börnin. Við vorum öll sammála um að hafa einhvers konar ferilmöppur hjá okkur. Upp komu spurningar eins og hvað á að vera í ferilmöppunum og hvernig eiga þær að líta út. Við náðum ekki að ljúka við þessa umræðu og verður henni haldið áfram með haustinu.

Vinastund

Á hverjum föstudegi er vinastund í þar sem öll börn og starfsfólk í leikskólanum koma saman inn í sal og syngja. Hver deild sér um eina vinastund í mánuði og skipuleggur lög sem sungin verða í næstu vinastund og dreifir á hinar deildirnar söngtextum með nokkra daga fyrirvara. Einnig eru sungnir afmælissöngvar fyrir afmælisbörn vikunnar.

Afmæli

Þegar börnin eiga afmæli stendur þeim til boða að gera sér afmæliskórónu og erum við með sérstakan kassa með „kórónuskrauti“ í. Strax um morguninn fá þau að fara út með starfsmanni og flagga íslenska fánanum í tilefni dagsins. Þau fá að velja sér glas, disk og diskamottu með

ævintýralegum myndum á til að hafa í matar-og kaffitímanum. Einnig er lítill borðfáni á borði þeirra þeim til heiðurs. Í lok dags eða eins fljótt og hægt er þá fá börnin kort með afmæliskveðju og myndum frá afmælisdeginum.

Nýting á húsnæði og útisvæði

Leikskólinn er bæði með lokuð og opin rými. Opnu rýmin sem tilheyra deildunum eru frammi á gangi og ná alveg inní sal. Það skiptir miklu máli að öll rýmin séu notuð. Við ákváðum að láta starfið flæða fram á gang og inní sal. Við lögðum áherslu á að nýta húsnæðið og garðinn þannig að börnin væru ekki öll úti í einu. Markmiðið var að gefa börnunum meira svigrúm bæði úti og inni. Hver deild á salinn einn dag í viku og er síðan hægt að fá hann lánaðan ef hann er ekki í notkun hjá viðkomandi deild. Starfsfólk og börn eru að kynna húsnæðinu og er alltaf að verða betri nýting á því.

Kaffitímar

Eitt af því sem voru mjög skiptar skoðanir á þegar við byrjuðum starfseminu á Ökrum voru kaffitímar starfsfólks. Sitt sýndist hverjum, hver væri besti tíminn fyrir kaffitímana. Við prófuðum nokkrar útfærslur. Það þurfti að hugsa meðal annars um félagslega þáttinn og hvaða tími væri bestur út frá starfsemi deildanna. En að lokum tókst að sammælast um eina útfærsluna. Teknar eru 10 mínútur að morgni eða 10 mínútur eftir hádegi eftir því hvernig vinnutími starfsfólks er og síðan er restin tekin í hádeginu allt að 25 mínútur.

John Dewey

Að læra er að læra að hugsa.

Að hugsa er að rannsaka, grennslast fyrir, kanna, velta fyrir sér, kafa til botns í eða grafast fyrir um, í þeim tilgangi að komast að einhverju nýju eða sjá það sem þegar er vitað í öðru ljósi. Í stuttu máli, það er að spyrja.

Listin að spyrja er svo fullkomlega samtvinnuð listinni að leiðbeina í námi að ekki er hægt að setja strangar og ósveigjanlegar reglur um beitingu hennar.

(Dewey 2000)

Barnahópurinn

Fyrstu börnin komu inn í leikskólann 9. Janúar og vorum við að taka á móti börnum í hverjum mánuð.


31. Júlí voru 59 börn á leikskólanum.

2007 = 9 stelpur

2008 = 4 stelpur og 1 strákur

2009 = 7 stelpur og 5 strákar

2010 = 21 stelpa og 12 strákar



Starfsmannahópurinn

Markmiðið sem við settum í upphafi var að skapa jákvætt og virkt starfsumhverfi sem stefndi að því að allir fengju að blómstra á Ökrum.

Þegar leikskólinn var opnaður 2. Janúar þá var búið að ráða aðstoðarleikskólastjóra, matráð, alla deildastjóra (4), einn leikskólakennara og þrjá leiðbeinendur. Svo fór hópurinn stækkandi og kom fólk inn á leikskólann í mislangan tíma. Í sumari komu sex krakkar, sem voru í sumarátaki Garðabæjar, og unnu hjá okkur. Það var svolítið þúsl að raða þeim inn þar sem þau máttu vinna mis langan tíma þ.e.a.s. bæði í vikumtalið og klukkutímum yfir daginn. 31. júlí voru 16 starfsmenn í leikskólanum sem skiptust þannig.


8 Leikskólakennarar

1 B.Ed. grunnskólafr.

5 Leiðbeinendur

1 Matráður

1 Aðstoðarmaður í eldhúsi



Stefna í starfsmannamálum

Markmið okkar varðandi símenntun er að starfsfólk geti nýtt sér áhugaverð námskeið sem í boði eru t.d námskeið sem Menntanefnd Kragans býður uppá svo eitthvað sé nefnt. Einnig munum við halda áfram með að fá fyrirlesara fyrir alla starfsmenn í leikskólanum. Síðasta vetur fengu starfsmenn 3 fyrirlestra í leikskólann.

Skipulagsdagur mánudaginn 13. febrúar 2012.

Fyrirlesturinn „Bók í hönd þér halda engin bönd“ . *Fyrirlesari Árdís Hrönn Jónsdóttir.*

Orðaspjall- aðferð til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með lestri bóka.

- Sagan lesin og aðeins staldrað við orðið/orðin sem kennarinn hefur valið
- Orðið er notað í öðru samhengi
- Samræður
- Leikir með orðin
- Börnin látin segja orðið upphátt til þess að styrkja hljóðmynd þess.

Starfsmannafundur mánudaginn 27.febrúar 2012.

Fyrirlestur – kynning á Aðalnámskrá leikskóla. *Fyrirlesari Anna Magnea Hreinsdóttir.*

Grunnþættir menntunar – Sú menntastefna sem birt er í aðalnámskránni er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrágerð:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Starfsmannafundur þriðjudaginn 27. mars 2012.

Fyrirlestur – kynning á einingakubbum. *Fyrirlesarar Dagmar Kristjánsdóttir og Sveinlaug Sigurðardóttir.*

Uppruni og hugmyndafræði einingakubbanna- Caroline Pratt hannaði einingakubba sem áttu að veita börnum ánægju og gleði en einnig að gefa fjölmarga möguleika til sköpunar. Pratt áleit að opinn efniviður væri best til þess fallinn að efla þroskaþætti barnsins; vitsmunalega, félagslega,

tilfinningalega og líkamlega, enda væri þátttaka og frumkvæði barnsins þar í brennidepli og áhersla á sjálfstæði og sköpun.

- Einingakubbarnir hafa stærðfræðilega uppbyggingu. Þeir eru í ýmsum formum og stærðum en ganga allri á einhvern hátt upp í grunnkubbinn sem er ferhyrndur.
- Börnin byrja með fáa kubba og fá form en eftir því sem leikur þeirra þróast fjölgar formum og kubbum.
- Aukahlutum er bætt við eftir því sem kubbaleikurinn þróast. Aukahlutir eru t.d. fólk, dýr, litaðir teningar, efnisbútar og o.fl.

Allir þessir fyrirlestrar tengdust okkar sýn og markmiðum á leikskólastarfið í fyrstu skrefunum. Fyrstu mánuðirnir fóru í að kynna okkur þetta efni og byrja að nota það.

Nýbreytni

Þar sem leikskólinn er alveg nýr þá var allt starf nýbreytni hjá okkur. Við lögðum upp að grunngildi leikskólans Virkni og vellíðan væru höfð að leiðarljósi í öllu starfi, með börnum, foreldrum og starfsmönnum.

Húsnæði og viðhald

Húsnæðið var alveg nýtt þegar við komum inn og var verið að leggja lokahönd á margt. Þegar byrjað er að vinna í nýju húsnæði þá koma upp ýmiss vandamál eins og t.d. ljósa-, hita- og lekavandamál. Leikskólinn er allur hitaður upp í gegnum gólfið og var hitastillir á yngri deildum í smá ólagi til að byrja með en er komið í gott lag í dag. Ljós, loftgluggar og gardínur eru allar tölvustýrðar og hafa komið upp vanstillingar þannig að gluggar eða gardínur geri ekki það sem þær eiga að gera. Ljósín voru vanstillt þannig að erfitt var að kveikja í vissum rýmum og jafnvel þegar kveikt var í einu rými þá slokknaði í öðru. Margt af þessu er búið að laga en annað er enn í ólagi og vonandi kemst það fljótt í lag. Frá byrjun hafa komið upp leka vandamál og er búið að laga meirihlutann þ.e.a.s. laga skemmdir og koma í veg fyrir meiri leka. Ekki er búið að klára útigeymslu, það er eftir að einangra og hita hana að innan og vonandi verður hún kláruð fljótlega.

AÐ VERA Í SKÓLA
ER EKKI UNIDRBÚNINGUR
UNDIR LÍFIÐ.

ÞAÐ ER LÍFIÐ.

JOHN DEWEY 1973

